

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Garðabæ.

#### *Breyting á deiliskipulagi íþrótta- og skólasvæðis við Ásgarð.*

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi íþrótta- og skólasvæðis við Ásgarð. Í breytingunni felst að við keppnisvöll er gert ráð fyrir fjórum ljósamöstrum. Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 1. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

#### *Breyting á deiliskipulagi Kjóavalla á félagssvæði Hestamannafélagsins Andvara.*

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi Kjóavalla á félagssvæði Hestamannafélagsins Andvara. Í breytingunni felst m.a. að nyrðri gæðinga- og íþrótta-völlur stækkar úr 250 metrum í 300 metra völl og áhorfendastúkur eru mótaðar til samræmis við breytinguna. Bílastæðum er fjölgað, staðsetning vallarhúss breytist og reiðleiðir eru lagfærðar á svæðinu. Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 1. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

#### *Breyting á deiliskipulagi í Molduhrauni að Suðurhrauni 4, 6, 8 og 10.*

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi í Molduhrauni vegna lóða að Suðurhrauni 4, 6, 8 og 10. Í breytingunni felst m.a. að lóðarmörk breytast milli áður-greindra lóða við Suðurhraun. Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Ofangreindar skipulagsbreytingar og skipulag öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

*F.h. Garðabæjar, 15. júlí 2004.*

**Bergljót S. Einarsdóttir** skipulagsfulltrúi.